



FRÆKORNID

FRÆDSLURIT SKÓGRÆKTARFÉLAGS ÍSLANDS

ÍSLENSK JÓLATRÉ

Jólatréð er ómissandi hluti jólahaldsins. Jólatrjáframleiðsla er vaxandi atvinnuvegur í landinu og eru þau nú ræktuð víða um land. Algengast er að trén séu höggvin af ræktanda, sem kemur þeim í hendur söluaðila. Vaxandi áhugi er einnig fyrir því, að fólk fái að koma í skóginn og höggva sitt eigið tré.

Með því að kaupa íslenskt jólatré styrkir þú skógrækt í landinu. Íslensk jólatré eru höggvin úr skógum þar sem gert er sérstaklega út á slíka ræktun og eins eru fjarlægð tré við grisjun. Því er ekki gengið á skóga landsins þegar höggvin eru jólatré. Fyrir hvert selt jólatré er hægt að gróðursetja um 30 ný tré.

Upplagt er fyrir sumarhúsaeigendur og aðra forráðamenn lands að rækta sín eigin jólatré. Tekur það um 10-15 ár fyrir trén að ná hæfilegri stærð. Gróðursetja þarf síðan tré árlega í stað þess sem er höggvið, þannig að ræktunarferlið haldist óslitið.



MEÐHÖNDLUN JÓLATRJÁA

Til að jólatréð haldist ferskt yfir hátíðarnar er nauðsyn að beita nokkrum einföldum aðferðum. Eiga þessar leiðbeiningar við um allar trjátegundir.



Þegar heim er komið með tréð af sólustað þarf það að standa á köldum stað fram að jólum. Ágætt er að láta það standa úti á svölum eða í kaldri geymslu. Bílskúrar eru oft full-heitir til að teljast góðir geymslustaðir fyrir jólatré. Gott er að láta tréð standa í vatni.



Áður en tréð er sett upp, er nauðsynlegt að saga nýja sneið neðan af stofninum. Ágætt er að þessi sneið sé um 5-10 cm þykk.

Þá fjarlægjum við kvoðutappa, sem hugsanlega hefur myndast við sárið þegar tréð var höggvið.

Þannig opnast betur æðar trésins sem auðveldar því vatnsupptöku, sem er afar mikilvæg ef tréð á að haldast ferskt.



Mikilvægt er að tréð standi í góðum vatnsfæti. Þegar keyptur er fótur þarf að hafa það í huga að hann taki nóg vatn, helst ekki minna en 1 lítra. Ágætt húsráð er að fyrsta áfyllingin sé með heitu vatni, 80-100°C. Það er talið opna betur æðar trésins og örva tréð til vatnsupptöku. Síðan þarf tréð að standa í vatni allar hátíðarnar. Jólatrjáfóturinn má aldrei tæmast af vatni.

Sé þessum einföldu leiðbeiningum fylgt á jólatréð að standa ferskt yfir hátíðarnar. Þá á að skila trénu til endurvinnslu, þar sem það endar yfirleitt í jarðgerð.

LEIÐBEININGAR UM NOTKUN

Jólatré standa best ef þau eru geymd á köldum og rökum stað fram að jólum. Við uppsetningu er rétt að saga þunna sneið neðan af trénu og láta það standa samfellt í vatni yfir hátíðarnar. Trénu skal svo skilað í endurvinnslu að lokinni notkun.



SÉRVALID ÍSLENSKT JÓLATRÉ FRÁ SKÓGRÆKTARFÉLÖGUNUM

Þetta tré er nýhöggið úr íslenskum skógi. Með því að velja íslenskt jólatré styrkir þú skógræktarstarfið í landinu. Fyrir hvert selt jólatré geta skógræktarfélagin gróðursett 30-40 ný tré.

TRJÁTEGUNDIR

Hér eru ræktaðar nokkrar trjátegundir til notkunar sem jólatré. Algengustu íslensku jólatré tilheyra þessum fimm trjátegundum:

Rauðgreni



Rauðgreni er í hugum flestra hið klassíska jólatré. Það er yfirleitt frekar þétt og fingert og hefur þessa hefðbundnu jólatrjálögun. Rauðgreni ilmar vel og fyllir strax stofuna af sannkallaðri jólalýkt. Mikilvægt er að fylgja leiðbeiningunum hér um meðhöndlun jólatrjáa til þess að rauðgrenið standi ferskt yfir hátíðarnar.



Stafafura



Stafafura nýtur vaxandi vinsælda sem jólatré. Hún er með grófar greinar og lengri nálar en hin hefðbundnu grenijólatré. Hún hefur fallegan dökkgrænan lit og ilmar sérstaklega mikið. Einnig er algengt að á henni séu könglar, sem gera hana enn eftirsóknarverðari. Stafafura er afar barrheldin, svo barrheldin að hún fellir ekki nálarnar fyrr en eftir marga mánuði.



Blágreini



Blágreini er frekar hægvaxta, blágrænt tré með fingerðum greinum og þægilegum ilm. Nálar þess eru mýkri viðkomu en flestra annarra grenitegunda og heldur það barrinu betur en bæði sitka- og rauðgreni. Blágreini getur verið mjög formgott jólatré og er það afar eftirsótt.



Sitkagreni



Sitkagreni er algengt til notkunar sem stórt torg- og útitré. Það nýtur þó vaxandi vinsælda sem stofutré, enda með dökkgrænan og frísklegan lit. Það er mjög duglegt við vatnsupptöku.



Fjallapínur



Fjallapínur er vænlegasta þintegundin til jólatrjáframleiðslu hér- lendis. Hann getur haft afar jafna og þétta krónu og ilmar auk þess ágætlega, ólíkt frænda sínum norðmannspíninum sem lyktar lítið. Barr hans er mjúkt viðkomu og fellur það ekki af þótt tréð þorni.



ISSN 1605-5020

